

Nr. 017 / 13 Leah og Örninn GK 204**Nærri því árekstur****Leah**

IMO nr. 9113202
 Fáni: Holland
 Smíðaður: 1996, stál
 Stærð: 4015 GT
 Mesta lengd: 99 m
 Breidd: 17 m Dýpt:
 Vél:
 Fjöldi skipverja:



Leah©Leo N/MT

Örninn

Skipaskr.nr. 2606
 IMO nr. 0
 Smíðaður: Hafnarfirði 2004 Plast
 Stærð: 11,6 brl. 15 bt.
 Mesta lengd: 12,3 m Skráð lengd: 11,16 m
 Breidd: 3,99 m Dýpt: 1,48 m
 Vél: Volvo Penta 334 kW 2003
 Fjöldi skipverja: 2



Örninn ©Guðmundur ST. Valvimarsson

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. mars 2013 var flutningaskipið Leah á siglingu og Örninn GK 204 á línuveiðum um 4 sml. SSA af Reykjanesi. Veður: VSV 10-13 m/sek, ölduhæð um 2,5 m og skyggni gott.

Flutningaskipið Leah var á vesturleið á stefnu 299° á um 11 hnúta ferð fyrir Reykjanes og var með Örninn á bakborða en hann var á NA stefnu og á um 1,5-2,5 hnúta ferð. Samkvæmt AIS ferilskráningakerfi fór flutningaskipið mjög nálægt bátnum þegar það fór framhjá honum eða í u.þ.b. 0,5-1,0 m fjarlægð kl. 14:12.

Skipverjar Arnarins þurftu að skera á línuna og setja á fulla ferð afturábak til að forða árekstri. Vakthafandi stýrimaður á Leah hafði samkvæmt ferilskráningu breytt stefnu um 30° til stb. í sama tilgangi en haldið sömu ferð.

Við rannsókn kom fram:

- að báðir aðilar kváðust hafa kallað á VHF rás 16 en ekki fengið viðbrögð;
- að stýrimaður Leah sagðist hafa séð bátinn án merkja um veiðar á stjórnborða í u.þ.b. þriggja sjómílna fjarlægð á stefnu til suðurs fyrir siglingaleið hans en hann hefði ekki komið fram í tveimur ratsjám. Hann hefði síðan ekki tekið eftir honum aftur fyrr en um 0,5-0,7 sml. var í hann rétt á bakborða á leið fyrir skipið og hann hefði strax byrjað að beygja til stjórnborða til að forða árekstri og hann hafi reynt að ná sambandi við Örninn;
- að Vaktstöð siglinga hafði samband við skipið eftir samtal við skipstjóra Arnarins og staðfesti við stjórnanda hans að samkvæmt þeirra búnaði hefði verið um nærri því árekstur að ræða. Skipstjórmaður Leah staðfesti að skipin hafi verið mjög nálægt hvort öðru;
- að samkvæmt verklagsreglum um borð í Leah átti vakthafandi stýrimaður að láta skipstjóra vita ef eitthvað óeðlilegt gerðist en hann gerði það ekki. Hann kváðst hafa verið of brugðið við atvikið til að gera það og hann færði það heldur ekki í leiðarbók;
- að Örninn var ekki með dagmerki uppi um skip á veiðum en skipstjóri sagði að hvít og rauð ljósmerki hefðu verið notuð;
- að skipverjar á Erninum sáu fyrst til Leah þegar um 3-4 sml. voru í skipið;
- að við þetta skemmdist gírinn um borð í Erninum.

Nefndarálit:

Nefndin telur að hvorugur aðilinn hafi farið að settum siglingareglum um að forða árekstri á sjó. Stjórnandi Leah hefði átt að minnka ferð, gefa viðeigandi hljóðmerki og/eða beygja betur til stjórnborða.

Nefndin telur það ámælisvert að skip á veiðum skulu ekki fara eftir Alþjóðasiglingareglum um dagmerkingar.